

Náttúrufræði

2.bekkur

Kennarar: Gunna Sigga, Krissa og Stella

Tímafjöldi: 2 kennslustundir

Menntagildi námsgreinar:

Íslendingar þurfa að vera meðvitaðir um að mannlegar ákvarðanir hafa áhrif á jörðina, nú og til framtíðar. Allir þurfa að taka virkan þátt í samfélagi með upplýstum og gagnrýnum viðhorfum.

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. *náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt*. Þessir þættir, ásamt viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu eru grunnurinn að náttúrufræðinámi nemenda.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en ekki síst viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og ábyrgðar. Með virkri þátttöku nemenda styrkist verkleg færni, félagsleg færni, frumkvæði og ábyrgð. Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að upplifa og skoða náttúruna og umhverfið.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gangs og gleði, nýtt hugtök náttúrufræðinnar og skilið ýmist náttúruleg eða manngerð fyrirbæri.

Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum t.d. að nemendur fái í einhverjum tilfellum val um viðfangsefni. Einnig er mikilvægt að nemendur fái tækifæri á að móta umhverfi sitt með einhverjum hætti.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Geta til aðgerða	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> Látið sig varða nánasta umhverfi og lífverurnar í því. 	<ul style="list-style-type: none"> Rætt er við nemendur og áhersla lögð á að ganga vel um náttúruna og að það sé mikilvægt að láta sér þykja vænt um hana. Nemendur vinna verkefni í tengslum við umhverfismennt og umgengni við náttúruna. Vettvangsferðir.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. 	<ul style="list-style-type: none"> Vettvangsferðir.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> Gert sér grein fyrir samspili manns og náttúru varðandi lífsafkomu. 	<ul style="list-style-type: none"> Ýmis hugtök kynnt fyrir nemendum í ýmis konar vinnu. Umræður. Vettvangsferðir.
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> Gert einfalda athugun úti og inni. Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. Skráð atburði og athuganir með eigin teikningum, sagt frá með eigin orðum. Hlustað og rætt hugmyndir annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> Vettvangsferðir. Umræður. Verkefni tengt haustlaukum. Verkefni tengt rotnun.
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur vinna verkefni í tengslum við umhverfismennt og umgengni við náttúruna. Nemendur hlúa að umhverfi skólans og Gryfjunnar. Vettvangsferðir.
Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> Fylgst með veðráttu í heimabyggð. Lýst breytingu á náttúru Íslands eftir árstíðum. Lýst landnotkun í heimabyggð tengt húsdýrunum (órækt – rækt) 	<ul style="list-style-type: none"> Fylgst með veðrinu frá degi til dags. Verkefni tengt árstíðum.
Lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til. Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns. Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi líkamans. 	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnavinna tengd mannlíkamanum. Umræður.

Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni. • Útskýrt einkenni lifandi vera. 	<ul style="list-style-type: none"> • Vettvangsferðir. • Umræður.
Heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> • Fjallað um samspil manns og náttúru. • Flokkað úrgang. • Gert sér grein fyrir þjónustu sem náttúruferlar veita (rotnun). 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið er með ýmis hugtök sem tengjast náttúrunni. • Flokkun í skólastofu. • Vettvangsferðir.
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> • Flokka gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður.

Námsmat:

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

Námsefni:

- Halló heimur 1
- Hrafninn
- Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera (aukaefni)
- Hani, krummi, hundur, svín... (aukaefni)
- Komdu og skoðaðu land og þjóð (aukaefni)
- Ýmsir námsvefir
- Ýmis verkefni frá kennara